

Alþingi
Erindi nr. P 136/1489
komudagur 26.3.2009

FUNDARGERÐ
63. fundur
Sveitarfélagsins Garðs

Aukafundur haldinn í bæjarstjórn Garðs, þriðjudaginn 24. mars 2009 í fundarsal
Bæjarskrifstofu Garðs, Sunnubraut 4.

Mætt eru: Laufey Erlendsdóttir, forseti bæjarstjórnar, Oddný Harðardóttir, bæjarstjóri,
Þorbjörg Bergsdóttir, Brynja Kristjánsdóttir, Einar Jón Pálsson, Ágústa Ásgeirsdóttir og
Ingimundur P. Guðnason.

Oddný Harðardóttir ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn kl. 18:56.

Í upphafi fundar sátu Ragnar Guðmundsson og Ágúst Hafberg, fulltrúar Norðuráls, fyrir
svörum um útreikning á fasteignagjöldum álvers í Helguvík.

394. mál

**1. mál Frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík, 4. gr. 8.
liður.**

Tillaga er komin fram um að ákvæðið hljóði svo:

Í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með
áorðnum breytingum, og sérstaks fasteignaskatts á fasteignir, sem nýttar eru til
verslunarreksturs eða skrifstofuhalds, samkvæmt bráðabirgðaákvæði sömu laga, sem og
sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kynnu að verða
lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir fasteignaskatt, skal félagið greiða Reykjanesbæ og
Sveitarfélaginu Garði fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af álagningarstofni sem er kr.
6.839.000.000 vegna fyrsta áfanga álversins sem miðast við allt að 90.000 tonna
grunnframleiðslugetu af á áli á ári. Vegna annars áfanga bætast kr. 3.943.000.000 við
álagningarstofninn, vegna þriðja áfanga kr. 4.135.000.000 og vegna fjórða áfanga kr.
4.670.000.000, en hver framgreindra áfanga miðar við viðbótargrunnframleiðslugetu allt að
90.000 tonna ársframleiðslu hver. Miðað er við byggingarvísitölu desember 2008 (478,8
stig).

Fasteignaskattur skal lagður á og innheimtur fyrir sérhvert ár á grundvelli álagningarstofnsins
svo sem hann er framreiknaður samkvæmt byggingarvísitölu desembermánaðar næstliðins
árs. Hann skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir gangsetningu hvers áfanga fyrir
sig.

Lagt er til að bæjarstjórn samþykki framkomna tillögu.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:35

Laufey Erlendsd.
Brynja Kristjánsdóttir

Þorbjörg Bergsdóttir
Ágústa Ásgeirsdóttir
Ingimundur P. Guðnason
Oddný Harðardóttir



Garði 23. mars 2009

Bæjarráð Sveitarfélagsins Garðs fjallað á fundi sínum þann 19. mars 2009, um frumvarp til laga um heimild til samninga um áver í Helguvík, einkum 4. gr. 8. lið.

Í samningi Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Norðuráls sem dagsettur er 4. Janúar 2007 kemur m.a. fram að aðilar séu sammála um að við greiðslu fasteignaskatta verði miðað við stofn og hlutfall sem samsvarar byggingum á Grundartanga að teknu tilteki til staðfar og afkastagetu. Bæjarstjórn mun fjalla um útreikninga vagna þessa á fundi sínum þann 24. mars og birta staðfestingu bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Garðs að þeim fundi loknum.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Garðs leggur áherslu á mikilvægi áversframkvæmda í Helguvík fyrir atvinnulíf og íbúa á Suðurnesjum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Oddný Harðardóttir
Oddný Harðardóttir
bæjarstjóri  Garður
Bæjarstjóri



þar sem
fersklr
vindar
blása